

Fundargerð 395. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, þriðjudaginn 23. maí kl. 12:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Hótel Búðum á Snæfellsnesi.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2017 - 1702001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 394. fundar frá 28. apríl sl.

Fundargerðin samþykkt.

2. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1608002HA

Lögð fram drög að umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samþykkt að fela formanni að lagfæra umsögnina m.v. umræður á fundinum og senda á nefndarsvið Alþingis.

3. Ábyrgð umboðsmanna skemmtiferðaskipa - 1703006HA

Lagt fram til kynningar minnisblað unnið af Jóhannesi Karli Sveinssyni hjá Landslögum, dags. 4. maí 2017, um ábyrgð umboðsmanna skipa. Einnig lagt fram erindi frá Jóhanni Bogasyni, framkvæmdastjóra GÁRA Agents & shipbrokers, frá 18. maí sl., þar sem er óskað eftir lengri greiðslufrest hjá höfnum.

Samþykkt að senda álitserð Jóhannesar til GÁRA Agents & shipbrokers. Einnig ákveðið að senda álitserðina sem og bréf GÁRA Agents & Shipbrokers á aðildarhafnir þar sem hver hafnasjóður fyrir sig ákveður hver sinn greiðslufrestur er.

4. Verið tilbúin! - 1611008HA

Rætt um námskeiðið "Verið tilbúin!" sem hafnasambandið hélt í byrjun maí en mikil ánægja var með námskeiðið meðal þátttakenda.

5. Hafnafundur 2017 - 1610005HA

Farið yfir fyrirkomulag og drög að dagskrá fyrir hafnafund 2017 sem haldinn verður á Húsavík 21. september nk.

Formanni fræðslunefndar og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Fundi var slitið kl. 13:30

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson